

Reglur um notkun reiðhallarinnar Iðavöllum

Reiðhöllin Iðavöllum er fjölnotahús, þ.e. hana má t.d. nota til æfinga, kennslu, keppnismóta, sýninga og annarra margvíslegra viðburða sem húsið hentar fyrir.

Fasteignafélag Iðavalla fer með stjórn reiðhallarinnar. Hún setur henni m.a. reglur og gerir gjaldskrá fyrir notkun hennar.

Reiðhöllin er opin til afnota alla daga vikunnar milli kl. 9.00 og 22.00.

Umsjónaraðili reiðhallarinnar sér um útleigu á notkun hennar og gætir þess að upplýsingar um hana liggja fyrir í reiðhöllinni og á aðgengilegri vefsíðu.

Notendur reiðhallarinnar skulu virða þá tíma sem skráðir hafa verið til afnota. Þeir sem keypt hafa einkatíma í reiðhöllinni hafa hana einir til umræða hverju sinni.

Þeir notendur sem greitt hafa fyrir afnot af reiðhöllinni fram í tímann fá gjaldið ekki endurgreitt ef ekki er látið vita um forföll eða breytingar a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir pantaðan tíma.

Stjórn hefur ávallt heimild til að taka reiðhöllina undir sýningar eða aðra starfsemi og verða þá almennir notendur að víkja á meðan.

Knöpum er skylt að nota hjálm í reiðhöllinni. Á þetta við um bæði atvinnu- og áhugamenn.

Bæði notendur reiðhallarinnar og gestir eru þar ávallt í á eigin ábyrgð. Börn mega ekki vera ein í reiðhöllinni og eru þar ávallt á ábyrgð foreldra eða forráðamanna.

Notendur reiðhallarinnar skulu ganga snyrtilega um. Knapar þrifi upp eftir hesta sína og sjálfa sig í hvert skipti eftir að þeir hafa notað reiðhöllina. Verði notendur uppvísir að slæmri umgengni er stjórn heimilt að banna þeim afnot af reið höllinni.

Notendur reiðhallarinnar skulu sýna hver öðrum tillitssemi og vera öðrum til fyrirmyndar í hvívetna.

Reykingar eru bannaðar í reiðhöllinni.

Hundar skulu ávalt hafðir í taumi inni í reiðhöllinni.

Samþykkt af stjórn Fasteignafélagsins Iðavalla 4. apríl 2014.